



# REGLUR UM DÓMARARÁÐ HRFÍ Í TEGUNDAHÓPI 7

Gildir frá 1. janúar 2017

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

1. Í dómarráði HRFÍ fyrir tegundahóp 7 eiga sæti þeir dómara sem réttindi hafa til að dæma veiðipróf í þeim tegundahópi. Dómarráð kys sér formann til tveggja ára í senn.
2. Dómarráð starfar í umboði stjórnar HRFÍ og er æðsti túlkunaraðili veiðiprófsreglna fyrir tegundahóp 7. Stjórn HRFÍ vísar málum er varða túlkun á veiðiprófsreglum í tegundahópi 7, til úrskurðar dómarráðs.
3. Dómarráð er stjórn HRFÍ til ráðgjafar um veiðiprófsreglur. Tillögur til breytinga á veiðiprófsreglum skal senda til dómarráðs til meðferðar og umsagnar. Dómarráði ber að senda stjórn HRFÍ umsagnir sínar og úrskurði innan hæfilegs frests.
4. Ef erindi sem stjórn HRFÍ vísar til dómarráðs varðar hagsmuni dómara sem sæti á í dómarráði viku sá hinn sami úr ráðinu á meðan málið er þar til umfjöllunar. Sé ágreiningur uppi um hagsmuni dómara varðandi slík málefni sker stjórn HRFÍ úr um hæfi viðkomandi dómara. Dómari skal njóta andmælaréttar í slíkum tilvikum.
5. Dómara sem sæti eiga í dómarráði skulu vera virkir félagar í HRFÍ og eiga lögheimili á Íslandi.
6. Í veiðiprófum í tegundahópi 7 er dómara óheimilt að dæma eigin hund eða hund í eigu sinna nánustu (þ.e. maka, foreldra, systkina eða barna). Dómari skal forðast að dæma hunda úr eigin ræktun, sé þess kostur.
7. Dómarráð annast skipulag, undirbúning og menntun dómara samkvæmt námsreglum um dómara nám fyrir fuglahundadómara.
8. Dómarráð skal útbúa og eiga kynningarefni um veiðiprófsreglur (dómarahandbók).
9. HRFÍ gefur út dómarskírteini fyrir nýja dómara.
10. Dómarráð skal halda samráðsfund (dómarráðstefnu) minnst einu sinni á ári, þar sem farið er yfir og skorið úr um öll vafaatriði og óvæntar upptakur á starfsárinu. Allir starfandi dómara hafa heimild til að sitja samráðsfundinn. Úrskurðir dómarráðs eru fordæmisgefandi. Verði ágreiningur í dómarráði um úrskurði ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
11. Rita skal fundagerðir á öllum fundum og ráðstefnum dómarráðs og senda stjórn HRFÍ afrit að fundum loknum.

12. Dómararáð skal skipa fulltrúa úr sínum röðum til að hitta erlenda dómara fyrir veiðipróf og fara yfir íslenskar veiðiprófsreglur.
13. Fulltrúi HRFÍ í veiðiprófum skal vera dómaramenntaður. Fulltrúa HRFÍ skal skipa eigi síðar en tveimur vikum fyrir veiðipróf. Í forföllum dómaramenntaðs fulltrúa HRFÍ getur stjórn HRFÍ veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnu álitum dómararáðs.
14. Hafi dómari ekki dæmt á veiðiprófi í þrjú ár missir hann dómaraéttindi sín. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn dómararáðs.